

Alþingi
Erindi nr. 122/109
komudagur 19.11.1997



Fjárhags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingishúsið v/Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 1997.

Efni: Frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

Hér með óskast gerð athugasemd við 3. tl. 10. gr. ofangreinds frumvarps.

Athugasemdin beinist að orðalagi sem varðar "fjárvörslu". Ekki þykir ljóst hvort hin takmarkaða heimild til varðveislu í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1996 sé sú sama og viðtæk heimild verðbréfafyrirtækja til vörslu verðbréfa skv. 8. gr. sömu laga. Hef ég leitað álits nokkurra verðbréfamiðlara varðandi orðalag þetta og þykir okkur undantekningarlaust öllum eðlilegt að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem fengið hafa starfsleyfi ráðherra geti orðið aðilar að fyrirhugaðri verðbréfamiðstöð. Ekki verður séð hvernig fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem ekki er aðili að verðbréfamiðstöð geti átt viðskipti með rafrænt skráð verðbréf án þess að geta með beinum hætti breytt eignaraðild að viðkomandi verðbréfi. Því þykir eðlilegra að orða 3. tl. 10. gr. ofangreinds frumvarps þannig:

3. fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. lögum nr. 13/1996.

Hér með er farið fram á að ofangreind atriði veriði tekin til greina og umræddri grein breytt til samræmis.

Með vinsemd og virðingu,

Karl Jóhann Ottósson
frankvæmdastjóri